



TILLÖGUR MIÐSTJÓRNAR UM
BREYTINGAR Á SKIPULAGSREGLUM
SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Aðdragandi

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 18. mars 2018, var miðstjórn falið að skipa nefnd sem hefði það hlutverk að endurskoða skipulagsreglur Sjálfstæðisflokksins.

Miðstjórn skyldi skipa í nefndina 7 eða 9 einstaklinga. Nefndinni beri að kalla eftir sjónarmiðum flokksmanna, félaga og ráða, efna til umræðu og kalla eftir tillögum bæði með tölvupóstum og fundahöldum.

Tillögur að breytingum á skipulagsreglum sem lagðar hafa verið fyrir landsfundi 2015 og 2018 voru ekki teknar til efnislegrar meðferðar á landsfundi 2018, heldur vísað til framtíðarnefndarinnar til meðhöndlunar.

Nefndinni var ætlað að skila tillögum sínum til miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins sem tæki afstöðu til þeirra.

Skipan endurskoðunarnefndar

Í kjölfar landsfundar Sjálfstæðisflokksins árið 2018 skipaði miðstjórn neðangreinda aðila í endurskoðunarnefndina:

Þórð Þórarinsson, Ingu Hrefnu Sveinbjarnardóttur, Sigríði Svavarsdóttur, Dag Ágústsson, Atla Kristjánsson, Berglindi Ósk Guðmundsdóttur, Kristínu Hálfhánsdóttur, Birgi Ármannsson og Jónas Þór Guðmundsson.

Starfsmenn nefndarinnar voru Sigurbjörn Ingimundarson og Ingvar P. Guðbjörnsson.

Verklag og vinnutilhögun

Kallað var eftir sjónarmiðum flokksmanna og var m.a. opnuð tillögugátt þar sem flokksmönnum gafst færi á að koma tillögum, athugsemdum og ábendingum sínum fyrir nefndina. Tölvupóstur voru sendir á flokksmenn og formenn sambanda, félaga og ráða og fólk hvatt til að skoða skipulagsreglurnar og gera tillögur ef ástæða væri til. Fjöldinn allur af tillögum bárust auk þess sem skrifstofu flokksins bárust nokkrir tölvupóstur.

Jafnframt var vinna nefndarinnar kynnt á fjölmörgum fundum víðsvegar um landið og fólk hvatt til að koma tillögum sínum á framfæri. Framkvæmdastjóri flokksins fundaði í öllum kjördæmum og átti fundi með flokksmönnum, m.a. um endurskoðun skipulagsreglnanna. Þessir fundir lögðust þó af um leið og samkomubann var sett á vegna COVID-19. Það hafði einnig áhrif á störf nefndarinnar, en ákveðið var að funda eftir það alfarið í gegnum fjarfundabúnað og reyndist vel. Nefndinn vann af krafti úr tillögunum og átti uppbyggilegar og góðar umræður um tillögur að breytingum á skipulagsreglunum.

Skil nefndar til miðstjórnar

Um miðjan september árið 2020 hafði nefndin lokið störfum sínum og útbúið skýrslu sem tekin skyldi fyrir á vettvangi miðstjórnar.

Hinn 21. september sama ár var haldinn fundur í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins þar sem tillögur nefndarinnar voru ræddar. Úr varð að miðstjórn gerði neðangreindar tillögur að breytingum á skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins að sínum og leggur til við landsfund Sjálfstæðisflokksins árið 2022 að þær verði samþykktar.

Landsfundarfulltrúar eru hvattir til að kynna sér tillögurnar.

4. gr.

Breytingartillaga

Beiðni um inngöngu eða úrsögn úr Sjálfstæðisflokknum eða einstökum félögum skal undirrituð eigin hendi eða send rafrænt af þeim einstaklingi sem óskar inngöngu eða úrsagnar. Hún skal vera skrifleg og beint að skrifstofu Sjálfstæðisflokksins. Einstaklingur telst flokksbundinn þegar inntökubeiðni hans er skráð í flokksskrá. Sjálfstæðisflokkurinn heldur úti miðlægri flokksskrá þar sem varðveittar eru upplýsingar um alla skráða flokksmenn. Aðgangur að flokksskrá er einungis veittur í lögmætum tilgangi í samræmi við reglur flokksins og lög og reglugerðir landsins.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Mjög ströng lög gilda um meðferð gagna er snúa að flokksaðild og rétt er að ítreka það í skipulagsreglum.
- Mikilvæg árétting vegna persónuverndarlaga og persónuverndarstefnu flokksins.
- Nýr texti texti er lýsandi fyrir þá framkvæmd sem er í raun.

5. gr.

Breytingartillaga

Skráðir félagar í Sjálfstæðisflokknum ~~Aðeins fullgildir félagsmenn~~ eiga atkvæðisrétt um einstök mál, kosningarétt og kjörgengi til hvers konar trúnaðarstarfa innan félaga og flokksins í heild sbr. þó 5737 gr. ~~Fullgildir félagsmenn teljast þeir sem:~~

- a) ~~Eru skráðir félagar í Sjálfstæðisflokknum.~~
- b) ~~Hafa greitt félagsgjöld sem síðasta aðalfundur þess félags ákvað og viðkomandi er skráður í.~~

Starfsmönnum Sjálfstæðisflokksins er heimilt að gegna öðrum trúnaðarstörfum á vegum flokksins eða skipa sæti á framboðslista að fengnu leyfi framkvæmdastjórnar flokksins.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Aðildarfélög flokksins eru sjálfstæð. Dreigið er úr miðstýringu í flokksstarfinu.
- Ekki á að vera skilyrði fyrir þátttöku í starfi Sjálfstæðisflokksins að fólk þurfi að greiða fyrir tiltekin réttindi, svo sem að taka þátt í prófkjöri. Fjárhagur fólks á ekki að ráða því hvort það geti tekið þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins eða ekki.
- Félögum er í sjálfsvald sett að ákveða félagsgjald sem óparfi er að taka af þeim og er í því sambandi vísað til úrskurðar miðstjórnar frá 13. október 2013, lið 1, þar sem segir m.a. að:

„Taki félag ákvörðun um að leggja ekki á félagsgjöld ber félagsmönnum þess ekki að greiða nein félagsgjöld og hafa þeir þar með fullan rétt á þátttöku í prófkjöri á grundvelli a-liðar 5. gr. skipulagsreglnanna þar sem b-liður 5. gr. á þá ekki við um slíka félagsmenn. Önnur niðurstaða er ekki tæk með vísan til grunngilda Sjálfstæðisflokksins um jafnræði og flokksaðild sem og meginreglna kosningalaga um að túlka beri allan vafa um þátttökurétt kjósenda þeim í hag.“

- Bent er á að félögum verður áfram frjálst að innheimta félagsgjöld.

6. gr.

Breytingartillaga

~~Landsfundur, flokksráð eða miðstjórn geta ákveðið að leggja tiltekið málefni til ráðgefandi atkvæðagreiðslu á meðal flokksmanna. Á sama hátt er kjördæmisráðum og fulltrúaráðum flokksins heimilt að efna til ráðgefandi atkvæðagreiðslu á meðal flokksmanna í viðkomandi sveitarfélagi eða kjördæmi. Miðstjórn er skylt að láta fara fram almenna kosningu meðal flokksmanna um tiltekið málefni berist skrifleg ósk um það frá a.m.k. 5.000 flokksbundnum félagsmönnum og af þeim skulu ekki færri en 300 flokksmenn koma úr hverju kjördæmi landsins.~~

~~Atkvæðagreiðslur skulu eiga sér stað eins fljótt og auðið er frá því ákvörðun var tekin eða beiðni barst miðstjórn. Miðstjórn setur að öðru leyti reglur um framkvæmd kosninga samkvæmt þessari grein.~~

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Sjálfstæðisflokkurinn leggur mikla áherslu á að flokksmenn hafi tök á að taka bæði umdeild og minna umdeild málefni upp til umræðu og meðhöndlunar á vettvangi flokksins. Til þess eru margar leiðir, meðal annars á vettvangi almennra sjálfstæðisfélaga og sérfélaga, landssambanda, fulltrúaráða, kjördæmisráða, flokksráðs og ekki síst landsfundar.
- Verði tillögur um að fjölga í flokksráði, og gera formenn allra félaga og ráða að flokksráðsmönnum, verður sá möguleiki að kalla saman flokksráð enn aðgengilegri leið til að taka málefni upp á vettvangi þess. Auk þess eru málefnanefndir flokksins opnar öllum flokksmönnum og er þannig aðgangur manna að mótun stefnu flokksins afar aðgengilegur. Eftir því sem nefndirnar hafa opnað fundi sína enn frekar með því að veita flokksmönnum aðgang í gegnum fjárfundabúnað, er aðgengi flokksmanna enn auðveldara.
- Í flokksráði sitja um 700 fulltrúar og í dag þurfa einungis 20 flokksráðsfulltrúar að óska eftir fundi til að skylt sé að boða til fundar. Í þessum tillögum er lagt til að fjölga umtalsvert í ráðinu þannig að enn fleiri hafi þá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Auðvelt er að kalla ráðið saman til að ræða mikilvæg mál.
- Stofnanir flokksins sem hér eru nefndar koma reglulega saman auk þess sem almennir opnir fundir eru haldnir reglulega um land allt á vegum flokksins. Á þessum fundum er víðast hvar tryggður farvegur fyrir almennar stjórnmálaumræður.
- Núverandi ákvæði í 6. gr. skipulagsreglna stangast á við persónuverndarlög. Óheimilt er að hverjum sem er sé gert kleift að hefja undirskriftasöfnun meðal skráðra félagsmanna Sjálfstæðisflokksins og safna þannig á lista upplýsingum um félagsmenn flokksins. Auk þess er erfitt og jafnvel ómögulegt að tryggja að hver sem er gangi vel um slíkar upplýsingar. Það er hættu á misnotkun slíkra upplýsinga. Bæði hvað varðar söfnun upplýsinganna og því að ákvæðinu verði beitt óhóflega. Viðmiðið sem er að finna í núverandi ákvæði um söfnun undirskrifta 5.000 skráðra sjálfstæðismanna er hátt og nánast óframkvæmanlegt að uppfylla. Jafnframt er leiðin sem 6. gr. býður upp á dýr í framkvæmd, mun dýrari en aðrar aðgengilegri leiðir sem hér eru nefndar.
- Þar fyrir utan er nánast óframkvæmanlegt að standa fyrir kosningum meðal flokksmanna, vildi svo ólíklega til að e- næði að safna tilskildum fjölda undirskrifta. Hvernig á að kjósa? Hver semur spurninguna? Hver á að bera kostnað af dýrri framkvæmd meðal hátt í 60.000 félagsmanna? Hvað á að gera við niðurstöðuna? Auk þessa er ákvæðið um margt óljóst. Talað um að kjósa eins hratt og verða má - en svo að miðstjórn setji reglur um kjörið. Það er tímafrekt verk.
- Að öllu ofantöldu, og sérstaklega því að innan flokksins eru fjölmargar leiðir fyrir almenna flokksmenn og trúnaðarmenn til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og skapa umræðu, er lagt til að tillagan verði samþykkt og ákvæðið verði fellt á brott í heild sinni úr skipulagsreglum.

8. gr.

Breytingartillaga

Landsfundur skal **að jafnaði** haldinn annað hvert ár. Miðstjórn boðar og undirbýr landsfund. Heimilt er að boða til landsfundar oftari ef miðstjórn telur brýna þörf krefja. Reglulegur landsfundur skal boðaður með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Miðstjórn ákveður fundarstað og fundartíma landsfundar og ákveður dagskrá fundarins. Ætíð skulu eftirfarandi atriði á dagskrá reglulegra landsfunda:

1. Skýrsla formanns flokksins um stjórnmalapróun frá síðasta landsfundi.
2. Skýrsla varaformanns flokksins um störf flokksráðs og málefnaverkefna frá síðasta landsfundi.
3. Skýrsla ritara flokksins um innra starf flokksins.
4. Skýrsla framkvæmdastjóra flokksins um rekstur flokksins og framlagning reikninga.
5. Kosning formanns, varaformanns og ritara.
6. Kosning stjórna málefnaverfnanna skv. 45. gr.
7. **Kosning fulltrúa í miðstjórn skv. 17. gr.**
8. Afgreiðsla stjórnmalaaályktunar og málefnaályktana.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Lagt til að inn komi orðin „að jafnaði“. Fundirnir hafa að jafnaði verið haldnir annað hvert ár. Komið hefur fyrir að eitt ár hafi liðið milli funda og eins allt að þrjú ár vegna sérstakra aðstæðna. Áfram er horft til þess að fundir séu annað hvert ár – en með þessu er miðstjórn veitt örlítið meira svigrúm til að geta brugðist við ef upp koma atvik eins og óvæntar kosningar, heimsfaraldur eða annað sem mögulega hamlar því að fært sé að halda fundinn, líkt og haustið 2017 þegar til stóð að halda landsfund en óvæntar kosningar fóru fram sem leiddu til þess að nauðsynlegt var að fresta fundinum fram á næsta ár.
- Í 7. lið upptalningar er um að ræða samræmingu við breytingatillögu á 17. gr. varðandi kjör í miðstjórn.

9. gr.

Breytingartillaga

Landsfundargögn, þ.á.m. drög að landsfundarályktunum skulu vera tilbúin a.m.k. mánuði fyrir landsfund. **Val aðal- og varamanna skal tilkynnt flokksskrifstofu eigi síðar en tveimur vikum fyrir landsfund.** Afhendir miðstjórn kjörgögn til þeirra, sem rétt eiga til setu á landsfundi, samkvæmt skriflegri yfirlýsingu formanns viðkomandi sjálfstæðisfélags, þess efnis, að fulltrúinn sé fullgildur til þátttöku á landsfundi, sbr. 8. gr.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Mikilvægt fyrir framkvæmd landsfundar að skrifstofa flokksins fái lista yfir landsfundarmenn með góðum fyrirvara.
- Mikilvægt þó að flokksskrifstofan hafi möguleika til að veita undanþágu frá þessari reglu við sérstakar aðstæður.

11. gr.

Breytingartillaga

Flokksráð skal ~~að jafnaði~~ boðað til fundar ~~eigi sjaldnar en einu sinni á ári við upphaf hvers reglulegs Alþingis~~ annað hvert ár, á því ári sem landsfundur er ekki haldinn, eða oftár ef formanni þykir ástæða til, stjórn flokksráðs tekur ákvörðun þar að lútandi eða ef ~~2050~~ flokksráðsmenn eða fleiri óska þess skriflega, að ráðið sé kvatt saman til fundar.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Framkvæmdin er með þessum hætti
- Flokksráðsfundur er stór fundur og kostar mikið auk þess sem vægi hans á landsfundarári er lítið.
- Nefndin bendir líka á að heimild til að kalla saman flokksráð þegar þurfa þykir verði áfram til staðar.
- Nefndin var á einu máli um að 20 flokksráðsmenn væri of lágt hlutfall m.v. fjölda fulltrúa í flokksráði sem hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Upphaflega lagði nefndin til að 70 flokksráðsmenn væri hæfilegur fjöldi, sem er nálægt 8-10% flokksráðs eins og áður var, en nefndin féllst á tillögu Varðar, kjördæmisráðs Reykjavíkur, um að lækka þetta niður í 50, sem væri ásættanlegt hlutfall.

12. gr.

Breytingartillaga

Sjálfkjörnir í flokksráð eru:

- a) Formaður flokksins sem jafnframt er formaður flokksráðs.
- b) Varaformaður flokksins, ritari, miðstjórn, framkvæmdastjórn, fjármálaráð, upplýsinga- og fræðslunefnd, ~~laganefnd~~, stjórn sveitarstjórnarráðs og fastráðnir starfsmenn flokksins. ~~í fullu starfi.~~
- c) Formenn og meðstjórnendur málefnanefnda flokksins, sbr. 45. gr.
- d) Alþingismenn og frambjóðendur í aðalsætum á framboðslista flokksins við alþingiskosningar hverju sinni. ~~Frambjóðandi tekur ekki sæti í flokksráði fyrr en að afloknum alþingiskosningum hafi hann ekki átt þar sæti fyrir.~~
- e) Sveitarstjórnarmenn og frambjóðendur í aðalsætum á framboðslista flokksins við sveitarstjórnarkosningar hverju sinni. ~~Frambjóðandi tekur ekki sæti í flokksráði fyrr en að afloknum sveitarstjórnarkosningum hafi hann ekki átt þar sæti fyrir.~~
- f) Stjórnir kjördæmisráða.
- g) Formenn fulltrúaráða og sjálfstæðisfélaga.
- h) Fyrirverandi kjörnir alþingismenn flokksins, ~~fyrirverandi framkvæmdastjórnar flokksins, fyrirverandi starfsmenn flokksins með yfir tíu ára starfsaldur hjá flokknum og fyrirverandi kjörnir sveitarstjórnarmenn flokksins sem gegndu embættinu samtals í tólf ár eða lengur.~~

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Það þykir sjálfsagt og eðlilegt að formenn fulltrúaráða og félaga, virkasta fólkið í grasrótinni, eigi aðild að flokksráði Sjálfstæðisflokksins. Krafa um að þessir aðilar eigi sæti í ráðinu hefur endurtekið komið upp.
- Sangirnismál gagnvart formönnum, sveitarstjórnarmönnum og starfsmönnum sem hafa verið lengi að störfum.
- Fastráðnir starfsmenn eru þeir starfsmenn sem starfa á skrifstofu flokksins, sem og aðstoðarmenn formanns, aðstoðarmenn ráðherra og starfsmenn þingflokks
- Til aðalsæta telst heildarfjöldi sæta kjörinna fulltrúa í viðkomandi sveitarstjórn og kjördæmi

13. gr.

Breytingartillaga

Kjördæmisráð kjósa árlega á aðalfundi í flokksráð einn fulltrúa fyrir hverja þúsund kjósendur ~~Sjálfstæðis~~flokksins ~~um~~ samkvæmt meðaltali í síðustu tvennra alþingiskosninga ~~um~~ í því kjördæmi og helmingsbrot þeirrar tölu eða meira. Fulltrúatala kjördæmis skal þó aldrei vera lægri en nemur heildartölu kjörinna fulltrúa í kjördæminu. Landssambönd innan vébanda flokksins kjósa hvert um sig 8 menn í flokksráð og að auki einn fulltrúa fyrir hvert þúsund féлага og helmingsbrot þeirrar tölu eða meira.

Kjördæmisráð og landssamtök kjósa varamenn í flokksráð, jafnmarga og aðalmenn og má við kjör varamanns ákveða hvers varamaður hann sé.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Hér er verið að styrkja greinina með því að skýra hana betur m.v. framkvæmdina. Engin efnisbreyting.

16. gr.

Breytingartillaga

Framkvæmdastjórn flokksins er í höndum miðstjórnar. Hún ber ábyrgð á öllu innra starfi flokksins, hefur eftirlits- og úrskurðarvald um allar framkvæmdir á vegum hans, hefur umráð yfir eignum og gætir þess að skipulagsreglum sé fylgt. ~~Miðstjórn semur árlega skýrslu um starf flokksins og leggur fyrir flokksráðsfund til umræðu.~~ Miðstjórn fjallar árlega um reikninga flokksins, sem framkvæmdastjóri skal bera undir hana til samþykktar.

Á hverjum fundi miðstjórnar skal eftirfarandi m.a. tekið fyrir:

- Nýskráningar og úrsagnir úr Sjálfstæðisflokknum, sbr. 4. gr.
- Starf upplýsinga- og fræðslunefndar
- Fjármál flokksins, starf fjármálaráðs og staða fjáröflunar
- Starf skrifstofu flokksins
- Starf flokksskrifstofa út á landi
- Starf sérsambanda
- Starf innan kjördæma
- Önnur mál

Ákvörðun miðstjórnar má skjóta til landsfundar.

~~Ef ekki liggja fyrir ákvarðanir landsfundar eða flokksráðs um pólitíska afstöðu flokksins til mála, sem skyndilega ber að, og ekki er unnt að koma því við að þessir aðilar taki afstöðu skal miðstjórn fjalla um álitaeftir og getur markað pólitíska afstöðu flokksins í samráði við stjórn flokksráðs.~~

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Textinn er færður úr 14. grein í 16. gr. Breytingin felur í sér að miðstjórn og stjórn flokksráðs marki pólitíska afstöðu til mála sem skyndilega ber að en ekki stjórn flokksráðs og málefnanefndir flokksins.
- Stjórn flokksráðs og miðstjórn eru tvær mikilvægustu og áhrifamestu stofnanir flokksins.
- Í miðstjórn situr fjölbreyttari hópur (yfir 40 auk forystu) en í stjórn flokksráðs (8 manns utan forystu), af öllu landinu, úr öllum landssamböndum og kjördæmisráðum og því er umboð miðstjórnar til að fjalla um álitamál og stefnu sterkt. Aðkoma bæði miðstjórnar og stjórnar flokksráðs tryggir góða aðkomu grasrótar og helstu stofnana Sjálfstæðisflokksins.
- Mikilvægt er þegar upp koma fordæmalausir tímar og bregðast þarf skjótt við að hægt sé að ræða mál hratt og breiðar en einungis í stjórn flokksráðs. Í breytingartillögunni hér að ofan er lagt til að miðstjórn ráðfæri sig við stjórn flokksráðs við þess konar aðstæður sem tryggir aðkomu beggja stofnana. Auk stjórna málefnanefnda enda er stjórn flokksráðs skipað formönnum málefnanefnda.
- Hér er einungis um að ræða mál þar sem ekki hefur þegar verið mörkuð stefna á landsfundi og í flokksráði. Flokksráð verður eftir sem áður kallað saman við ríkisstjórnarmyndanir t.d.
- Aðkoma málefnanefnda er, eins og nefnt er, áfram tryggð í gegnum stjórn flokksráðs.
- Talið er mikilvægt að aðkoma breiðs hóps sé tryggð þegar marka þarf stefnu varðandi málefni sem landsfundur eða flokksráð hafa ekki mótað stefnu í.

17. gr.

Breytingartillaga

Miðstjórn er þannig skipuð:

- a) Formaður flokksins sem jafnframt er formaður miðstjórnar
- b) Varaformaður flokksins sem er varaformaður miðstjórnar
- c) Ritari flokksins sem jafnframt er ritari miðstjórnar
- d) Formaður þingflokks, formaður sveitarstjórnarráðs, formenn sérsambanda skv. 63. gr. og formenn kjördæmisráða, auk formanns og varaformann fulltrúaráðsins í Reykjavík.
- e) Formaður fjármálaráðs, **formaður laganefndar** og formaður upplýsinga- og fræðslunefndar
- f) ~~618~~ fulltrúar kjörnir af kjördæmisráðum sbr. 23. gr.
- g) **6 fulltrúar kjörnir af landsfundi, sbr. 8. gr.**
- h) ~~Tveir þingmenn kjörnir af þingflokki Sjálfstæðisflokksins~~
- i) Framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins á sæti í miðstjórn með málfrelsi og tillögurétt.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Þingmönnum verði fækkað um 2 í miðstjórn. Fækkað verði úr 18 niður í 6 sem kjördæmisráð kjósi en að í staðin verði 6 fulltrúar kjörnir af landsfundi.
- Markmiðið er að gera miðstjórn enn skilvirkari.
- Landsfundurinn efldur með því að taka að nýju upp kosningu miðstjórnarmanna á þeim vettvangi.
- Lýðræði í kjördæmisráðum eftir þar sem oft hefur gengið illa að manna þessi sæti en nú verði mögulega meiri líkur á að fólk keppist um að komast í miðstjórn.
- Athugasemdir bárust frá Verði, fulltrúaráðinu í Reykjavík, um að fulltrúum sem kjördæmisráð kjósi verði fækkað. Bent er á að gangi tillaga þessi eftir eigi kjördæmisráðin 2 fulltrúa hvert í miðstjórn (Reykjavík 4) auk þess sem þeir fulltrúar sem landsfundur kys verði í sumum tilfellum fulltrúar kjördæma. Auk þess verður landsfundur ótvírætt styrktur með þessari breytingu.

18. gr.

Breytingartillaga

Miðstjórn skal boðuð til fundar ~~eigi sjaldnar en að~~ **jafnaði** sex sinnum á ári. Ef formanni flokksins þykir ástæða til eða ef tíu miðstjórnarmenn eða fleiri óska þess skriflega og tilgreina fundarefni, er heimilt að kveða miðstjórn saman til aukafundar.

Miðstjórnarfundi skal boða ~~með bréfi til allra fulltrúa~~ **miðstjórnar** með viku fyrirvara.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Miðstjórn fundar að jafnaði sex sinnum á ári. Ekkei er talin þörf á að hafa lágmark enda væri þá komin kvöð til að funda jafnvel þó fundarefnið sé ekki til staðar.
- Þá er eðlilegt að hægt sé að boða fundi árið 2022 með öðrum hætti en bréfpósti. Alla jafnan er sendur út tölvupóstur eins og framkvæmdin er í dag.

19. gr.

Breytingartillaga

~~Að Á fyrsta landsfundi miðstjórnar að loknum landsfundi skal hún kjósa skipar miðstjórn til tveggja ára í senn formann og fjóra meðstjórnendur í upplýsinga- og fræðslunefnd sem er miðstjórn og skrifstofu flokksins til ráðgjafar í hefur umsjón með kynningarmálum, stefnumótun og tillögugerð á sviði upplýsinga- og fræðslumála skv. 49. gr. Öllum flokksmönnum skal boðið að bjóða sig fram til setu í nefndinni og framboð skulu berast miðstjórn eigi síðar en viku fyrir val í nefndina. Berist ekki framboð skal formaður tilnefna fulltrúa við kjörið.~~

Miðstjórn skipuleggur landsfund sbr. 8. gr. Miðstjórn skipar einnig fjármálaráð flokksins skv. 46.-48. gr. á fyrsta fundi sínum að loknum landsfundi. Að loknum landsfundir skipar miðstjórn formann og tvo meðstjórnendur í laganefnd flokksins skv. 51. gr.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Mikilvægt að upplýsinga- og fræðslunefnd sé ráðgefandi við miðstjórn og skrifstofuna til að samræma hlutverk hennar við það sem er raunin í dag. Skrifstofan hefur umsjón með þeim þáttum sem tilgreindir eru þarna á verkasviði nefndarinnar. En rétt eftir sem áður að nefndin komi að stefnumótun á því sviði.
- Varðandi laganefnd er um að ræða breytingu til samræmis við 51. grein (sjá sjónarmið í umfjöllun um 51. grein)

23. gr.

Breytingartillaga

Kjördæmisráð kýs úr sínum hópi kjördæmisstjórn sjö manna. Formaður kjördæmisráðs skal kjörinn sérstaklega en stjórn þess skiptir að öðru leyti með sér verkum. Heimilt er þó að stjórnina skipi allt að fimmtán manns, enda sé sú tilhögun samþykkt með minnst tveimur þriðju atkvæða. Ráðið hefur enn fremur heimild til að skipa skipulagsnefnd, fjármálanefnd, útgáfu- og upplýsinganefnd og aðrar nefndir sem hún telur ástæðu til. Formenn kjördæmissamtaka ungra sjálfstæðismanna eru sjálfkjörnir í stjórn kjördæmisráðs.

Kjördæmisráð kýs hvert um sig ~~þrjú~~ einn fulltrúa í miðstjórn og ~~þrjú~~ einn til vara, en fulltrúaráðið í Reykjavík ~~þrjú~~ einn fulltrúa fyrir hvort Reykjavíkurborg kjördæmi í miðstjórn og ~~þrjú~~ einn til vara. Kosningar til miðstjórnar skulu vera bundnar við skriflegar tillögur. Framkvæmd kosninganna annast þriggja manna kjörstjórn skipuð af viðkomandi stjórn kjördæmisráðs eigi síðar en viku fyrir kjördæmisráðsfund.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Samræming við breytingu á 17. gr. Efnislega verið að fækka miðstjórnarfulltrúum sem kjördæmisráð kjósa í miðstjórn.

32. gr.

Breytingartillaga

Heimilt er að stofna og starfrækja eftirtaldar tegundir sjálfstæðisfélaga:

- a) Almenn félög sjálfstæðisfólks
- b) Félög ungs sjálfstæðisfólks
- c) Félög sjálfstæðiskvenna
- d) Félög eldra sjálfstæðisfólks
- e) Félög sjálfstæðisfólks innan launþegasamtaka
- f) ~~Önnur félög sjálfstæðisfólks sem miðstjórn og kjördæmisráð samþykkja.~~

Ekki má stofna og starfrækja fleiri en eitt sjálfstæðisfélag sömu tegundar á sama félagssvæði, sbr. þó 33. gr.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Mikilvægt er að tryggja að breytingar stuðli að heilsteyptri skipulagsreglum og að dregð sér úr innra ósamræmi í uppbyggingu flokksins.
- E-liður 32. greinar veitir heimild til að stofna félög sem telja má að samræmist ekki skipulagi Sjálfstæðisflokksins og gangi jafnvel í berhögg við það skipulag sem flokkurinn hefur búið við. Það þjónar skipulagsreglum og skipulagi Sjálfstæðisflokksins best að fella þennan lið úr gildi.
- Hættan sem fylgir þessari grein er m.a. sú að það verði til mjög lítil félög um mjög afmörkuð málefni og það væri ekki góð þróun. Óbreytt ákvæði veitir möguleikann á því að stofnuð verði félög sem hafa sitthvora stefnu í ákveðnum umdeildum málum sem upp kunna að koma í íslensku samfélagi.
- Sjálfstæðisfólki auðvitað heimilt að stofna félög um hugðarefni sín sem sjálfstæðismenn án þess að slík félög verði hluti af innra skipulagi Sjálfstæðisflokksins. Um slíkt eru dæmi.

35. gr.

Breytingartillaga

Félag þarf að fullnægja eftirtöldum skilyrðum til að halda réttindum sínum:

- a. Að hafa minnst 20 fullgilda félagsmenn
- b. Að fylgja skipulagsreglum flokksins að dómi miðstjórnar
- c. Að halda aðalfund á ári hverju og eigi síðar en í lok ~~febrúar~~ mars
- d. Boða skal aðalfund með viku fyrirvara. Framboðsfrestur skal ekki renna út fyrr en fjórum dögum hið minnsta eftir að aðalfundur hefur verið boðaður. **Berist ekki tilskilinn fjöldi framboða innan lögbundins framboðsfrests er fráfarandi stjórn heimilt að gera tillögu fyrir aðalfund um skipan þess fjölda stjórnarmanna sem upp á vantar eftir að framboðsfrestur rennur út.**
- e. Að senda árlega, að afloknum aðalfundi, stjórn fulltrúaráðs og stjórn kjördæmisráðs skýrslu um starfsemi félagsins á árinu ásamt skrá yfir fullgilda félagsmenn miðað við þann aðalfund.
- f. Að greiða árgjald í kjördæmissjóð fyrir hvern fullgildan félagsmann samkvæmt félagatali síðasta aðalfundar félagsins eftir nánari ákvörðun kjördæmisráðs.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Talið að það fari betur á því að hægt sé að halda aðalfund innan fyrstu 90 daga ársins fremur en takmarka það við febrúarlok.
- Varðandi fjölda framboða inn an löbundins framboðsfrest þá gerir viðbótin ráð fyrir því að leysa vanda sem hefur komið upp. Það hefur gerst að framboðsfrestur rann út án þess að tilskilinn fjöldi framboða hafði borist. Eina leið stjórnar var að fresta fundi því eingar heimildir voru til staðar til að gera aðrar tillögur.
- Mikilvægt að hægt sé að kjósa stjórn jafnvel þó of fá framboð komi fram innan frests. Lögð er áhersla á að í engu er verið að skerða vald aðalfundar til ákvörðunar um að hafna eða samþykkja tillögu stjórnar.

41. gr.

Breytingartillaga

Framkvæmdastjórn flokksins skipa: Formaður flokksins, sem jafnframt er formaður framkvæmdastjórnar, varaformaður og ritari flokksins, formaður þingflokks, **formaður fjármálaráðs** og formaður sveitarstjórnarráðs.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Eðlilegt að sá sem ber ábyrgð á fjáröflun flokksins sitji í framkvæmdastjórn hans.

43. gr.

Breytingartillaga

~~Þjónustumiðstöð~~-Skrifstofa Sjálfstæðisflokksins skal vera í Reykjavík. Miðstjórn ræður framkvæmdastjóra flokksins svo og forstöðumenn starfsstöðva að fengnum tillögum stjórna viðkomandi kjördæmisráða. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk á aðalskrifstofu flokksins.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Í daglegu tali er alltaf talað um skrifstofu flokksins (eða Valhöll). Orðið „þjónustumiðstöð“ hefur ekki fest sig í sessi. Í raun ekki efnisbreyting en spurning um skilgreiningu.

45. gr.

Breytingartillaga

Landsfundur kýs fimm í stjórn málefnanefnda. ~~Sá sem flest atkvæði hlýtur er formaður nefndar.~~ Miðstjórn skipar síðan allt að fjóra í hverja nefnd. ~~Miðstjórn skipar formenn nefnda. Þar á meðal varaformann.~~ Nýskipuð stjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum. Allir flokksmenn geta boðið sig fram til embætta í málefnanefndum.

Þingflokkur skipar þingmenn viðkomandi fastanefnda og sveitarstjórnarráð skipar einn fulltrúa úr sínum röðum í stjórn hverrar málefnanefndar.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Það hefur borið við að sá sem flest atkvæði hlýtur á landsfundi vill ekki vera formaður málefnanefndar. Miðstjórn hefur því þurft að skipa formann í nefndir nokkuð oft.
- Með þessu má tryggja strax að loknum landsfundi að nefndir hafi formann sem vill gegna starfinu.
- Áður var lagt til að sá sem flest atkvæði hlyti yrði varaformaður, en Vörður, fulltrúaráðið í Reykjavík lagði til að stjórnir skiptu sjálfar með sér verkum. Nefndin var sammála um að það væri óþarfi að fastnegla skipun varaformanna og féllst á þau rök varðandi varaformenn og ritara – en taldi áfram mikilvægt að miðstjórn skipaði formann nefndar til að tryggja að formenn nefnda séu virkir. Einnig er rétt að benda á mikilvægi þess að tryggja að það sé horft til kynjasjónarmiða við skipan formanna sem og búsetusjónarmiða. Miðstjórn hefur þá yfirsýn yfir allar nefndir sem nauðsynleg er til að tryggja að kynjahlutföll formanna séu í samræmi við 3. gr. skipulagsreglna og að þeir séu ekki allir af einu horni landsins. Ekki er hægt að tryggja slíkt ef stjórnir skipta sjálfar alfarið með sér verkum. Hafa skal í huga niðurstöður í kjöri á landsfundi við skipun formanna.

46. gr.

Breytingartillaga

Miðstjórn skipar fjármálaráð, sem hefur með höndum fjármál flokksins. Í fjármálaráði geta setið allt að ~~þrjátíu~~ fjörutíu fulltrúar.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Hér er miðstjórn veitt heimild til að fjölga um allt að tíu í ráðinu. Ekki mikil efnisbreyting en veitir aukið svigrúm.

48. gr.

Breytingartillaga

Miðstjórn setur fjármálaráði starfsreglur. Fjármálaráð skal skipað að loknum hverjum **landsfundi**. ~~almennum þingkosningum~~. Það skal gera miðstjórn grein fyrir störfum sínum árlega.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Betra að miða við landsfundi en þingkosningar þar sem kosningar hafa verið nokkuð tíðari en landsfundir.
- Ekki gott að hafa þá skyldu að skipa stöðugt nýtt fjármálaráð
- Eðlilegra að fjármálaráðið sé skipað út frá starfi flokksins en ekki störfum Alþingis

49. gr. og 50 gr.

Breytingartillaga

49. gr.

Miðstjórn skipar fimm manna upplýsinga- og fræðslunefnd skv. 19. gr., sem er miðstjórn og skrifstofu flokksins til ráðgjafar sér um kynningarmál flokksins út á við. Nefndin skal einnig í samvinnu við miðstjórn og skrifstofu vinna að tillögum og áætlunargerð á sviði fræðslumála og upplýsingamála, jafnt innan flokksins sem á almennum vettvangi samkvæmt erindisbréfi sem miðstjórn setur.

Upplýsinga- og fræðslunefnd getur skipað undirnefndir um einstaka málaflokka inn á verksviði hennar. Allir flokksmenn geta boðið sig fram til embætta í undirnefndum. Nefndin skal einnig halda reglulega opna fundi þar sem öllum flokksmönnum er gefinn kostur á því að taka þátt í verkefnum og starfi nefndarinnar.

50. gr.

Upplýsinga- og fræðslunefnd starfrækir Stjórnmalaskóla Sjálfstæðisflokksins, í samvinnu við miðstjórn og skrifstofu flokksins. Stjórnin skal Nefndin markar skólanum stefnu og vera tengiliður við flokksfélög um kennslu á vegum skólans. Skólinn skal getur t.a.m. m.a. haldið námskeið um skipulag Sjálfstæðisflokksins, ræðumennsku, fundarsköp, greinaskrif, markaðssetningu og netmiðlun og staðið fyrir námskeiðum fyrir frambjóðendum flokksins. Nefndin skal sjá til þess að námskeið á vegum skólans verði í boði um allt land.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Samræmingarmál.
- Sömu rök og vikið er að í umfjöllun um breytingar á 19. gr.
- Greinin löguð að því sem raunhæft getur talist og að þeirri framkvæmd sem í raun hefur verið.

51. gr.

Breytingartillaga

Laganefnd

Miðstjórn skipar þriggja manna laganefnd sem hefur það hlutverk í aðdraganda landsfundar að fara yfir innsendar tillögur að breytingum á skipulagsreglum flokksins og gera rökstuddar tillögur til miðstjórnar um meðferð þeirra og afgreiðslu. ~~Allir flokksmenn eiga að geta tekið þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins óháð dvalarstað. Upplýsinga- og fræðslunefnd hefur förgöngu um uppbyggingu á þessu sviði.~~

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Talið er óþarft og raunar hjákátlegt að tiltaka þá augljósu staðreynd fram í skipulagsreglum að flokkurinn sé opinn öllum flokksmönnum óháð búsetu.
- Skynsamleg tillaga sem hjálpar m.a. til við að vinna betur hugmyndir sem flokksmenn hafa. Vinnan við breytingar skipulagsreglna verður vandaðri og þær fá betri málsmeðferð.
- Mikilvægt að hafa laganefnd sem fari til að mynda yfir það hvort tillögur uppfylli formsskilyrði (tillaga þar sem öllum viðeigandi atriðum er breytt í skipulagsreglunum), sé í samræmi við skipulagsreglurnar og grunnstefnu flokksins að öðru leyti, sé í samræmi við lög og hvort sambærilegar tillögur hafi verið felldar á undangengnum landsfundum.
- Laganefndin geri síðan tillögur að málsmeðferð einstakra tillagna við miðstjórn sem á endanum gerði tillögur við landsfund um málsmeðferð tillagna.
- Tryggt að landsfundur eigi ávallt síðasta orðið.

57. gr.

Breytingartillaga

Ákvörðunarvald um prófkjör er ávallt í höndum kjördæmisráðs við framboð til alþingiskosninga en í höndum fulltrúaráða vegna framboða til sveitarstjórnarkosninga. **Náist ekki tilskilinn stuðningur við uppstillingu framboðslista skv. 55. gr. eða við röðun framboðslista skv. 56. gr. skal listi skipaður með prófkjöri.** ~~Á sama fundi er heimilt að taka ákvörðun um að víkja tímabundið frá reglum b liðar 5. gr. fram að prófkjöri. Slíkar ákvarðanir þurfa að hljóta samþykki 2/3 hluta fundarmanna og gilda einungis fyrir einar kosningar í senn.~~

Miðstjórn flokksins setur samræmdar framkvæmdareglur um prófkjör vegna framboðs til Alþingis og sveitarstjórna sem gilda skulu þar sem prófkjör eru ákveðin.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Rétt að prófkjör sé niðurstaðan ef ekki náist samstaða um aðrar leiðir skv. 55. og 56. gr.
- Nauðsynlegt sé, eins og dæmi sanni, að fundur geti skorið úr um leið, náist ekki tilskilinn meirihluti fyrir neinni leið.

69. gr.

Breytingartillaga

Landsfundur einn hefur vald til þess að breyta samþykktum Sjálfstæðisflokksins en þó getur landsfundur veitt miðstjórn eða flokksráði leyfi til bráðabirgðabreytinga milli landsfunda. Tillögur að breytingum á samþykktum Sjálfstæðisflokksins skulu hafa borist miðstjórn a.m.k. ~~mánuði~~ sex vikum fyrir boðaðan landsfund og skal dreift með öðrum landsfundargögnum a.m.k. mánuði fyrir landsfund. Miðstjórn getur gert tillögu til landsfundar um meðferð og afgreiðslu breytingatillagna sem berast með framangreindum hætti.

Blár yfirstrikaður texti = lagt til að texti fari út.
Blár texti = tillaga um viðbót.

Sjónarmið

- Mikilvægt fyrir laganefnd að hafa svigrúm til að yfirfara tillögur þannig að mögulegt sé að dreifa þeim með landsfundargögnum í tæka tíð.
- Gerir vinnu við breytingar á skipulagsreglum markvissari og vandaðri.